

EFTIRLITSSKÝRSLA

Hábrún Skutulsfirði



Dags eftirlits	9.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Hábrún	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Stekkjargötu 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450314-0640	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð Kjartansson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Davíð R Benjamínsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávík komu fram í eftirliti: 1) Ekki var tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar um útsetningu seiða árið 2024. 2) Ársyfirliti var skilað inn seint. 3) Umhverfisupplýsingar voru með ófullnægjandi upplýsingum. 4) Fosfórlusun er yfir mörkum starfsleyfis.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða sjókvíakeldi með leyfi til ársframleiðslu á 700 tonnum af regnbogasilungi og þorski, að hámarki 650 tonna lífmassa á hverjum tíma af regnbogasilungi og að hámarki 50 tonna lífmassa á hverjum tíma af þorski.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma kvíar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Þrjú frávík komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Heildarframleiðsla ársins 2024 var 69.638 kg og fóðurnotkun 92.242 kg. Sett voru út seiði á svæði HB 1 árið 2024. Útsetning var ekki tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar með tveggja vikna fyrirvara og er það frávík frá gr. 3.2 í starfsleyfinu. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí og telst það frávík frá gr. 4.1 í starfsleyfinu, því var skilað inn 6. október og er frávíkinu því lokað. Umhverfisupplýsingum var skilað inn fyrir 1. maí en með ófullnægjandi upplýsingum og er það frávík frá gr. 4.3 í starfsleyfinu. Rangar upplýsingar um fóðurmagn komu fram í græna bókhaldinu. Standandi lífmassi í lok árs er gefinn upp en ekki framleiðsla ársins 2024.
- Hvildarsýnartaka var framkvæmd í desember árið 2024 á svæði HB3. Rekstraraðili þarf að tilkynna til Umhverfis- og orkustofnunar um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k tveggja vikna fyrirvara og þá þarf einnig að skila inn upplýsingum um vöktun eldissvæðisins. Fosfórlusun fyrir árið 2024 reiknaðist út frá fóðri 10,3 kg P/tonn, sem er frávík frá gr 3.4 í starfsleyfinu þar sem losun má ekki fara yfir 10,0 kg P/tonn.
- Trygginga vegna bráðamengunar hafs og stranda var til staðar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru til staðar en óskað er eftir uppfærðum áætlunum. Áætlun um meðhöndlun úrgangs og áætlun um tímabundna og varanleg rekstrarstöðvun er til staðar, óskað er eftir uppfærðum áætlunum.
- Farið var í skoðunarferð að kvíum. Enginn fóður prammi var við eldissvæðið fóðrað er frá bátnum daglega.
- Efnageymsla er í landi og með lekabyttum.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. Maí sl. fer stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.2 í starfsleyfi.	Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða með tveggja vikna fyrirvara.
gr. 3.4. í starfsleyfi.	Fosfórlosun reiknast út frá fóðri 10,3 kg P/tonn sem er yfir mörkum starfsleyfis.
gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025. Ársyfirliti var skilað 6. október 2025 og er því frávikin lokað.
gr. 4.3 í starfsleyfi.	Umhverfisupplýsingar vegna ársins 2024 voru ófullnægjandi.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík,

31.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir